



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### ***Þjónusta Strætó á Menningarnótt***

Á Reykjavík Pride keyrði Strætó eftir helgaráætlun en þá er lengra á milli ferða en á virkum dögum.

Á Menningarnótt mun Strætó ferja gesti úr öllum hverfum borgarinnar frá morgni til kvölds. Ekið verður eins og á virkum dögum, sem er meiri tíðni en á venjulegum laugardegi. Til viðbótar verður aukin tíðni miðað við hefðbundin virkra daga akstur á eftirtöldum leiðum.

### **Aukin tíðni á Menningarnótt eftir leiðum:**

#### **Leið 1:**

- 15 mín tíðni ca. kl. 7 – 10
- 10 mín. tíðni ca. kl. 10 – 18
- 15 mín. tíðni ca. kl. 18 – 22:30 (þar til tæming frá miðborg hefst)

#### **Leiðir 2, 3, 4, 5, 6, 11, 12, 13, 14 og 15:**

- Verða á 15 mín tíðni ca. kl. 7/8 – 18
- 30 mín tíðni frá 18 og fram að því að hefðbundið leiðakerfi verður rofið kl. 22:30

Ekki verður frítt í Strætó á Menningarnótt eins og hefur verið í mörg ár eða til kl. 22:30 en þá mun almennt leiðakerfi verða rofið og gestum Menningarnætur boðið að fá fría ferð heim.

Eftir kl. 22:30 mun leiðakerfið verða rofið og öllum vögnum beint á Sæbraut við Sólfarið þar sem farið verður í það að ferja fólk heim eftir flugeldasýningu. Ath ekki verður hægt að taka strætó frá öðrum öðrum stöðum en Sæbraut eftir kl. 22:30–01:00. Ekið verður í öll hverfi á Höfuðborgarsvæðinu. Akstur næturstrætó tekur við kl. 01:00 eftir miðnætti.

Sérstök skutluþjónusta Strætó verður starfrækt fyrir þau sem vilja komast hratt og örugglega inn á hátíðarsvæðið. Hægt er að leggja bílum í Laugardal og Borgartúni, og munu skutlurnar ganga frá kl. 07:30 til 01:00 frá Laugardalshöll með viðkomu á stoppustöðvum strætó í Borgartúni og Hlemmi og þaðan beinustu leið upp að Hallgrímskirkju. Skutlustöðvar verða merktar.

Gjaldfrjálst er í skutlurnar á Menningarnótt sem Reykjavíkurborg greiðir fyrir en undanfarin ár hefur Strætó greitt fyrir þessa þjónustu.

Björg Jónsdóttir, Guðmundur Halldórsson og Aðalheiður Sveinsdóttir skipuleggjendur Menningarnætur.